

## **Ábendingar íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts vegna fjárfestinga- og viðhaldsáætlunar Reykjavíkurborgar 2020.**

Íbúaráðið tekur undir erindi frá formönnum íbúaráða í Reykjavík sem sent var formanni Umhverfis og skipulagsráðs, sviðsstjóra Umhverfis og skipulagssviðs, skrifstofustjóra eignaskrifstofu og skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds og stýrihóp um innleiðingu íbúaráða:

*„Formenn íbúaráða Reykjavíkurborgar fagna kynningu á fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2020-2025 og möguleika til þess að hafa áhrif á hana. Formenn telja þó allir að kynningin hafi verið of almenn og hvorki hugsuð né skipulögð með hag hverfanna og íbúaráðanna í huga. Sérstæk kynning á framkvæmdum í hverju hverfi eða borgarhluta hefði verið gagnlegri. Mikilvægt er að setja upplýsingar fram á aðgengilegan og skýran máta og tryggja aðgengi allra fulltrúa í íbúaráðunum að upplýsingum. Við óskum eftir því við skrifstofu Eigna og atvinnuþróunar að þróa kynningarnar áfram með hvern borgarhluta í huga, þannig að þær nýtist betur íbúaráðunum og íbúum hverfanna og að á næsta ári verði framsetning með öðrum hætti en núna.”*

Íbúaráðið leggur til að á næsta ári verði lögð fram greingargóð kynning á framkvæmdum og viðhaldi í Árbæ og Norðlingaholti þannig að ráðinu gefist kostur á að kynna sér fyrirhugaðar nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni í hverfinu.

### **Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði innan hverfisins sem þarfnast úrbóta:**

Haldið verði áfram að endurnýja gangstíga í Árbænum, t.d. meðfram Rofabæ þar sem rúmlega 50 ára gamlir stígar eru orðnir brotnir og varasamir.

Aðgengi frá undirgöngum göngustígs undir Höfðabakkann við Árbæjarsafn að strætóbiðstöð við sömu götu verði gert viðunandi t.d. með rampi.

Ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr umferðarhraða á Norðlingabraut og tryggja öryggi gangandi vegfarenda þar. Sérstaklega verði litið til þess að tryggja sem best öryggi barna sem fara um svæðið í tengslum við skóla- og frístundastarf.

Að farið verði sérstaklega yfir merkingar við gangbrautir í hverfinu, þ.m.t. yfirborðsmerkingar.

Umhverfi og aðkoma að grenndarstöðvum í hverfinu verði bætt. Þetta mætti t.d. tengja framkvæmdum tengdum nýju hverfisskipulagi.

Nauðsynlegar endurbætur verði gerðar á lóð leikskólans Rauðhóls í Norðlingaholti.

F.h. Íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts

*Þorkell Heiðarsson - formaður*